

ÚTHLÍÐ Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Deiliskipulag frístundasvæðis – svæði 5a

14.02.2023



Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

f.h. Bláskógabyggðar

Skipulagslýsing var kynnt frá 1. des. 2021 með athugasemdafresti til 24. des. 2021.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Upplýsingar

SKJALALYKILL

5144-004-DSK-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir, Guðrún Anna Lúðvíksdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4	6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
1.1	Gildandi deiliskipulag	4	6.1	Skipulagslýsing	11
1.2	Markmið	5	6.2	Auglýsing tillögu	11
1.3	Skipulagsgögn	5	7	SKIPULAGSFERLIÐ	11
1.4	Breytingar frá gildandi skipulagi	5	8	LÓDATAFLA	12
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5			
2.1	Náttúrufar	5			
2.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6			
2.3	Fornminjar	6			
3	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	7			
3.1	Lóðamörk	7			
3.2	Byggingarheimildir á frístundalóðum	7			
3.3	Byggingarheimildir á veitulóðum	7			
3.4	Vegir og bílastæði	8			
3.5	Göngu- og reiðhjólaleiðir	8			
3.6	Veitur og sorp	8			
3.7	Fráveita	8			
3.8	Regnvatn	8			
3.9	Sorp	8			
3.10	Brunavarnir og flóttaleiðir	9			
3.11	Opið svæði	10			
4	ALMENNIR SKILMÁLAR	10			
4.1	Hönnun og uppdrættir	10			
4.2	Mæliblöð	10			
4.3	Frágangur lóða og umgengni	10			
4.4	Gróður	10			
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10			
5.1	Umhverfisáhrif	10			

1 INNGANGUR

Sett er fram nýtt deiliskipulag fyrir hluta frístundabyggðar í Úthlíð.

Deiliskipulag fyrir Úthlíð í Bláskógabyggð var samþykkt í maí 1993. Vegna fjölda breytinga á skipulaginu, og fleiri fyrirhugaðra breytinga, þá verður unnið nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.


Til að einfalda skipulagsmálin er svæðinu skipt í nokkra hluta og unnið nýtt skipulag fyrir hvern þeirra. Skiptingin var sett fram í grófum dráttum í skipulagslýsingu en hefur aðeins breyst í skipulagsvinnunni. Sá hluti deiliskipulagsins sem hér er settur fram nær til svæðis 5a (mynd 1). Innan þess svæðis eru lóðir við göturnar Djáknahlíð, Djáknaveg, Djáknabrúnir, Mosa-brúnir og Mosaskyggni.

Með því að vinna nýtt deiliskipulag fæst betri yfirsýn yfir svæðið og hvaða heimildir og skilmálar eru í gildi, ásamt því að skilmálar eru í samræmi við aðalskipulag.

Skipulagssvæðið er 79,6 ha.

1.1 Gildandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulagið Úthlíð, Biskupstungum frá árinu 1993. Á því hafa verið gerðar 36 breytingar. Með gildistöku þessa deiliskipulags verður samsvarandi hluti í gildandi skipulagi felldur úr gildi.



MYND 1. Afmörkun deiliskipulags fyrir hvern hluta svæðisins.

1.2 Markmið

Helstu markmið með deiliskipulaginu eru eftirfarandi:

Samræma og einfalda skipulagsskilmála. Sömu skilmálar gildi fyrir allt svæðið.

Yfirfara og uppfæra stefnu deiliskipulags m.t.t. nýrra tíma og hugmynda.

Vegir verða teiknaðir eins og þeir eru í dag og lóðamörk yfirfarin m.t.t. þeirra og í einhverjum tilfellum leiðrétt.

Gera ráð fyrir nýrri aðkomu af svæðinu af Laugarvatnsvegi. Aðkoman nýtist bæði fyrir frístundabyggðina og sem flóttaleið.

1.3 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:3.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.
- Hluti úr Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í mkv. 1:50.000.

1.4 Breytingar frá gildandi skipulagi

Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru eftirtaldar:

- Skipulagssvæðinu verður skipt upp í a.m.k. 5 svæði og unnið nýtt deiliskipulag fyrir hvert svæði. Skipulagsmörkum er breytt til samræmis og þau aðlöguð að nákvæmari kortagrunnum.
- Gatnakerfi er teiknað upp eftir loftmynd en götur voru ekki í öllum tilfellum lagðar í samræmi við skipulag.

- Lóðamörk eru endurskoðuð og í einhverjum tilfellum aðlöguð að gatnakerfinu eins og það er skv. loftmynd.
- Byggingarheimildir og skilmálar fyrir lóðir eru yfirfarnar og samræmdar við stefnu í aðalskipulagi. Heimilt er að byggja frístundahús, gestahús og geymslu á hverri lóð. Gerð er grein fyrir byggingarefni, nýtingarhlutfalli, hámarks byggingarmagni, þakhalla og mænisstefnu.
- Gert er ráð fyrir hreinsivirki fráveitu á hverri lóð, eða að lóðir geti sameinast um hreinsivirki þar sem aðstæður eru ákjósanlegar.
- Gerð er ný afkoma að svæðinu af Laugarvatnsvegi.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Frístundasvæðið F78 er norðvestan við bæinn Úthlíð. Í heild er frístundasvæðið um 420 ha og um 170 lóðir eru byggðar. Svæðið hefur byggst talsvert upp og hefur hluta þess verið raskað með mannvirkjum. Ein veltenging er að svæðinu, um Úthlíðarveg af Laugarvatnsvegi. Frístundalóðirnar eru í Skyggnisskógi og standa við hlykkjóttu vegi.

2.1 Náttúrufar

Svæðið er í svonefndu Lambahrauni, sem er sögulegt hraun og er skógi vaxið. Nútímahraun njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þónokkur trjágróður, einkum birki, er innan lóða og á óbyggðu svæði milli lóða og gatna.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast svæðið sem skógrækt og birkiskógur. Birkiskógar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem frístundabyggð F78. Deiliskipulagið er í samræmi við skilmála í aðalskipulagi.

Frístundabyggð

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir frístundabyggð:

- Lóðastærðir á frístundasvæðum skulu að jafnaði vera á bilinu 0,5-1 ha. Í ákveðnum tilfellum, sérstaklega í eldri hverfum sem skipulögð voru fyrir gildistöku aðalskipulagsins, geta lóðir þó verið minni.
- Nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03 nema á lóðum sem eru minni en 1/3 ha að stærð, þar er leyfilegt byggingarmagn 100 m².
- Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 15 m². Þessar byggingar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar.
- Huga skal að því að merkar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.
- Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvivatn og mögulegum flóttaleiðum vegna gróður og kjarrelda.
- Heimilt er að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Hverfisvernd vegna birkikjarrs

Stór hluti frístundasvæðisins er undir hverfisvernd vegna birkiskóga eða birkikjarrs. Innan þessara svæða er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir.

Heillegustu hlutar Kóningsvegur eru undir hverfisvernd (HV4) ásamt 60 m svæði beggja vegna hans. Óheimilt er að granda eða breyta veginum og/eða vegstæðinu. Kóningsvegur er ekki sýndur á aðalskipulagsupprætti í landi Úthlíðar.

Náttúruvá

Hætta á gróðureldum er til staðar, m.a. vegna jarðskjálfta og mögulegra gróður- og kjarrelda. Eftirfarandi stefna er í aðalskipulaginu:

- Byggð verði utan skilgreindra hættusvæða.
- Á frístundasvæðum verði unnin viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrelda.
- Ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur.

Verndarsvæði og minjar

- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir. Enn fremur verði hugað að verndun ýmissa eldri samgöngumannvirkja, s.s. Kóningsvegur.

2.3 Fornminjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram í dreifbýli Bláskógabyggðar. Friðlýst Hoftóft er í Úthlíð, neðan við kirkjuna. Einnig er gömul tóft útihúss í túni austur af heimreið að Úthlíð. Kóningsvegur liggur um land Úthlíðar,

fyrir ofan Úthlíðarbæinn. Kónsvegur liggur milli lóðanna Djáknahlíðar nr. 2 og 5.

Umhverfis minjar er gert ráð fyrir 15 m friðhelguðu svæði. Óheimilt er að raska minjum. Verði um áætlaðar framkvæmdir að ræða innan helgunarsvæðis minja, þ.m.t. Kónsvegar, skal haft samráð við Minjastofnun.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

3.1 Lóðamörk

Í einhverum tilfellum eru aðkomuvegir innan lóða m.v. nýjustu loftmyndir og kortagrunna. Í þeim tilfellum er lóðum breytt þannig að vegir séu utan þeirra. Leitast er við að láta stærðir lóða halda sér skv. þinglýstum lóðablöðum en afmörkun nokkurra lóða breytist lítillega. Ný lóðablöð verða unnin fyrir þær lóðir sem breytast þegar deiliskipulagið hefur verið staðfest.

3.2 Byggingarheimildir á frístundalóðum

Á hverri lóð er heimilt að byggja frístundahús, gestahús og geymslu. Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 15 m². Þessar byggingar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar.

Nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03, nema á lóðum sem eru minni en 0,3 ha að stærð, þar er leyfilegt byggingarmagn 100 m². Heildar byggingarmagn á lóðum skal aldrei fara yfir 500 m².

Leyfileg mænishæð er allt að 6,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Þakhalli getur verið á bilinu 0-45 gráður.

Gerð er grein fyrir hverri lóð og leyfilegu hámarks byggingarmagni í kafla 8.

3.3 Byggingarheimildir á veitulóðum

Mosaskyggir 1b

Á lóðinni er tækjahús. Heimilt er að viðhalda því eða byggja nýtt. Stærð húss getur verið allt að 60 m², mænishæð getur verið 5,0 m m.v. gólfkóta.

Á lóðinni er 15 m hátt fjarskiptamastur. Heimilt er að endurnýja það eftir þörfum, og ef þarf að hækka það í allt að 20 m.

Mosaskyggir 1c

Á lóðinni er vatnstankur sem m.a. getur nýst fyrir slökkvivatn. Heimilt er að viðhalda honum eða endurnýja. Hæð tanks getur verið allt að 6 m.

Úthlíð 1 lóð 2

Á lóðinni er dælustöð fyrir heitt og kalt vatn ásamt skrifstofu og hreinlætisaðstöðu. Stærð bygginga getur verið allt að 70 m². Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum eða byggja ný í þeirra stað. Mænishæð getur verið 5,0 m m.v. gólfkóta.

3.4 Vegir og bílastæði

Aðkoma að frístundasvæðinu er af Laugarvatnsvegi nr. 37, um Úthlíðarveg og Skarðaveg. Gerð verður önnur aðkoma frá Laugarvatnsvegi og inn á Kóngsveg. Nýja aðkoman nýtist m.a. sem flóttaleið ef til þess kemur.

Bílastæði skulu vera innan lóða og eru sýnd til skýringar á skipulagsuppdrætti. Kvöð er á jörðinni Úthlíð um aðkomuvegi eins og þeir eru sýndir á uppdrætti. Megin vegir um frístundabyggðina skulu að lágmarki vera ofaníbornir og þola umferð þungra bíla, s.s. slökkvibíla.

Frá Skarðavegi liggur jeppaslóði að Brúarárskörðum. Með heimild landeiganda má vera með læst hlið á hliðarvegum inn í hvert hverfi. Skarðavegur er opinn almenningi sem aðkoma að Brúarárskörðum.

3.5 Göngu- og reiðhjólaleiðir

Gönguleiðir eru í landi Úthlíðar og er öllum frjálst að ganga um landið¹. Hluti gönguleiða og jeppaslóði að Brúarárskörðum eru tilvaldir fyrir fjalla-hjólreiðar. Innan skipulagssvæðis er heimilt að gera nýjar útivistarleiðir og viðhalda og merkja núverandi og nýjar leiðir. Gera skal ráð fyrir greiðum og öruggum gönguleiðum frá hverju frístundahverfi að leikvöllum.

3.6 Veitur og sorp

Byggingar eru tengdar dreifikerfi rafveitu, ljósleiðarakerfi Mílu, hita- og vatnsveitu Bláskógaveitu. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

¹ <https://www.uthlid.is/gonguleidir>

3.7 Fráveita

Allt frárennsli skal leitt í hreinsivirki. Ef aðstæður leyfa skal vera með sameiginlegt hreinsivirki fyrir fleiri en eina lóð. Frágangur og gerð hreinsivirkis og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar, eftir því sem hægt er skal hreinsivirki ekki vera fjær vegum/bílastæðum en 60 m. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

3.8 Regnvatn

Vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús skal beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúða undir yfirborði sem getur tekið við yfirborðsvatni. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

3.9 Sorp

Í eða við byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi sé gott. Gámar fyrir sorp eru staðsettir við þjónustumiðstöð og við Úthlíðarveg.

Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.


3.10 Brunavarnir og flóttaleiðir

Lóðin er innan starfssvæðis Brunavarna Árnassýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

Aðgengi að slökkvivatni verður skipulagt af landeiganda, félagi sumarhúsaeigenda á svæðinu, vatnsveitu Bláskógabyggðar og Brunavörnum Árnassýslu. Heimilt er að setja brunahana/tanka fyrir slökkvivatn þar sem þeirra kann að vera þörf, án þess að breyta þurfi deiliskipulagi. Tryggja skal aðkomu slökkvibíla að brunahönum/tönkum fyrir slökkvivatn og nægilegt rými fyrir slökkvilið til að athafna sig.

Mikill gróður er á frístundasvæðinu, einkum trjágróður, og er hættu á gróðureldum til staðar. Almenn ráð til að draga úr þessari hættu eru að minnka eldsmat s.s. með því að koma í veg fyrir myndun sinu, huga að því að grisja trjágróður og fjarlægja fallin tré. Á þurrkatímum skal forðast að kveikja eld.

Heimilt er að gera greiðfærar leiðir fyrir bíla og/eða gangandi fólk, þannig að auðvelt sé að komast milli svæða eða af svæðinu, komi til gróðurelda.



MYND 2. Mögulegar flóttaleiðir úr frístundabyggðinni og staðsetning vatnstanks.

3.11 Opið svæði

Ekki er um samfellda byggð að ræða innan svæðisins, heldur eru opin svæði inn á milli. Þar er heimilt að vera með leikvelli og setja upp leiktæki. Girða má leikvelli af til að gæta öryggis barna. Heimilt er að vera með 4-5 bílastæði við hvern leikvöll.

4 ALMENNIR SKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni.

4.2 Mæliblöð

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærð lóðar, byggingarreit, innkeyrslu inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru.

4.3 Frágangur lóða og umgengni

Leitast skal við að halda í sem náttúrulegast yfirbragð á svæðinu. Þess skal gætt að raska ekki landi eða jarðmyndunum að óþörfu. Allt rask á mörkum lóða og annarra svæða skal lagfært og land jafnað sem líkast því sem var áður en grafið var eða landi hróflað. Óheimilt er að setja uppgröft út fyrir lóðamörk, nema í samráði við landeiganda.

Lýsing skal vera lágstemmd og ljósi beint niður. Heimilt er að setja útilýsingu með vegum/stígum sem þá skal vera lágir staurar, undir 1 m að hæð, með hatti til að tryggja að lýsing beinist niður.

4.4 Gróður

Í frístundabyggðinni er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir. Birkikjarr er undir hverfisvernd og skal forðast að raska því.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

5.1 Umhverfisáhrif

Flestar lóðir í frístundabyggðinni er byggðar og búið er að leggja vegi og veitur. Um er að ræða gróið hverfi og því er einungis gerð grein fyrir helstu áhrifum af stefnu nýs skipulags hvað það varðar. Gerð verður ný aðkoma af Laugarvatnsvegi að Kóngsvegi. Nýtist hún sem aðkoma að frístundabyggðinni og einnig sem flóttaleið.

Það er jákvætt að vegir í frístundabyggðinni séu teiknaðir eins og þeir voru lagðir og lóðamörk aðlöguð að þeim og þar með leiðrétt, m.v. nákvæmni

núverandi kortagrunna. Byggingarheimildir og skilmálar eru samræmdir fyrir alla frístundabyggðina svo enginn þarf að veltast í vafa um hvaða skilmálar eru í gildi.

Gerð er grein fyrir vatnstökustöðum, flóttaleiðum og settir skilmálar um að vegir skuli vera þannig að þeir þoli umferð slökkvibíla. Þetta bætir öryggi fólks í frístundabyggðinni ef kemur til einhvers konar náttúruvár. Auk þess sem ný aðkoma getur dreift umferð um svæðið og nýst sem flóttaleið. Ekki er reiknað með að umferð aukist þó ný tenging sé gerð við Laugarvatnsveg.

Áhrif á verndarsvæði eru jákvæð því skilmálar eru um verndun birkikjarrs og að gróðursetja eingöngu íslenskar trjátegundir í birkikjarr. Minjar hafa ekki verið skráðar og því eru áhrif á þær óviss.

Lóðareigendur skulu forðast allt óþarfa rask á lóðum og að framkvæmdum loknum aðlaga lóðina að landinu umhverfis. Þannig er leitast við að halda í sem náttúrulegast yfirbragð á svæðinu. Frístundabyggðin er á Lambahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Settir eru skilmálar um að ekki skuli raska landi að óþörfu og halda í sem náttúrulegast yfirbragð á svæðinu.

Áhrif af stefnu nýs deiliskipulags eru metin jákvæð/óveruleg.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var auglýst í lok árs 2021. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.


6.2 Auglýsing tillögu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Brunavarnir Árnessýslu
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Félag sumarhúsaeigenda á svæðinu.

7 SKIPULAGSFERLIÐ

Líkleg drög að skipulagsferli eru eftirfarandi:



8 LÓDATAFLA

TAFLA 1. Lóðatafla fyrir lóðir á deiliskipulagssvæðinu.

STAÐFANG	LANDNR	NOTKUN	BYGGINGARÁR	BYGGINGAR- MAGN HMS	LÓÐARSTÆRÐ SKV. DEILISKIPULAGI M ²	NÝTINGAR- HLUTFALL	LEYFILEGT HEILDAR- BYGGINGARMAGN Í M ²
Úthlíð 1 lóð 2	218565	Dælustöð	-	-	1566	-	50
Djáknavegur 1	197314	Sumarbústaður	2006	100,1	3879	0,03	116
Djáknavegur 2	203026	Sumarbústaður	2006	96,8	5000	0,03	150
Djáknavegur 3	197315	Sumarbústaður	2018	126	3756	0,03	112
Djáknavegur 4	203028	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	5000	0,03	150
Djáknavegur 5	197316	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	3808	0,03	114
Djáknavegur 6	203029	Sumarbústaður	2005	95,8	5000	0,03	150
Djáknavegur 7	197317	Sumarbústaður	2006	126,2	3809	0,03	114
Djáknavegur 8	203031	Sumarbústaður	2006	95,8	5000	0,03	150
Djáknavegur 9	197318	Sumarbústaður	2004	115,1	3881	0,03	116
Djáknavegur 10	197319	Sumarbústaður	2005	81,3	3933	0,03	118
Djáknavegur 11	197320	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	4150	0,03	124
Djáknavegur 12	197321	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	4035	0,03	121
Djáknavegur 13	197322	Sumarbústaður	2005	53,8	4035	0,03	121
Djáknavegur 14	197323	Sumarbústaður	2005	116,7	4039	0,03	121
Djáknavegur 15	197324	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	3905	0,03	117
Djáknavegur 16	197325	Sumarbústaður	2005	100,1	3892	0,03	116
Djáknavegur 17	197326	Sumarbústaður	2005	186,7	3850	0,03	115

STAÐFANG	LANDNR	NOTKUN	BYGGINGARÁR	BYGGINGAR-MAGN HMS	LÓÐARSTÆRÐ SKV. DEILISKIPULAGI M ²	NÝTINGAR-HLUTFALL	LEYFILEGT HEILDAR-BYGGINGARMAGN Í M ²
		Geymsla	2007	32,5			
		Grillskúr	2009	12			
Djáknavegur 18	197327	Sumarbústaður	2006	58,9	3845	0,03	115
Djáknavegur 19	197328	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	3878	0,03	116
Djáknavegur 20	197329	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	3856	0,03	115
Djáknavegur 21	197330	Sumarbústaður	2005	85,3	3842	0,03	115
Djáknavegur 22	197331	Sumarbústaður	2006	105,8	4049	0,03	121
Djáknavegur 23	197332	Sumarbústaður	2004	90,1	4110	0,03	123
Djáknavegur 25	197333	Sumarbústaður	2005	85,3	3852	0,03	115
Djáknavegur 27	197334	Sumarbústaður	2004	90,1	3819	0,03	114
Mosaskyggirnir 1	167515	Sumarhús	1975	41,6	13425	0,03	402
Mosaskyggirnir 1b	207723	Tækjahús og fjarskiptamastur	2009	9	2995	-	50
Mosaskyggirnir 1c		Vatnstankur	-	-	2542	-	50
Mosaskyggirnir 2	187467	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	10000	0,03	300
Mosaskyggirnir 3	175734	Sumarbústaður	2005	80	10000	0,03	300
Mosaskyggirnir 4	190153	Sumarbústaður	2002	65,1	13431	0,03	402
		Geymsla	2002	8			
Mosaskyggirnir 5	193412	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	10747	0,03	322
Mosaskyggirnir 6	199358	Sumarbústaður	2005	81,3	12832	0,03	385
Mosaskyggirnir 7	203036	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	4800	0,03	144
Mosaskyggirnir 8	203047	Sumarbústaður	2015	95	7148	0,03	214
	203047	Geymsla	2019	33,6			

STAÐFANG	LANDNR	NOTKUN	BYGGINGARÁR	BYGGINGAR-MAGN HMS	LÓÐARSTÆRÐ SKV. DEILISKIPULAGI M ²	NÝTINGAR-HLUTFALL	LEYFILEGT HEILDAR-BYGGINGARMAGN Í M ²
Mosaskyggir 9	203039	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	11000	0,03	330
Mosaskyggir 10	220948	Sumarbústaður	2013	113,6	10000	0,03	300
		Gestahús	2020	19,9			
		Bílskúr	2020	20,2			
Mosaskyggir 11	222666	Sumarbústaður	2016	155,9	10000	0,03	300
Mosaskyggir 12	224481	Sumarbústaður	2019	153,5	10000	0,03	300
Djáknahlíð 1		Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	11192	0,03	335
Djáknahlíð 2		Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	8927	0,03	267
Djáknahlíð 3	203621	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	9094	0,03	272
Djáknahlíð 4	203622	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	17633	0,03	500
Djáknahlíð 5	199085	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	15675	0,03	470
Djáknabrunir 1	203038	Sumarbústaður	2008	141,7	5000	0,03	150
		Gestahús	2008	24,5			
Djáknabrunir 2	203040	Sumarbústaður	2009	78,6	5009	0,03	150
		Geymsla	2009	20			
Djáknabrunir 3	203042	Sumarbústaður	2006	6906	6269	0,03	188
Djáknabrunir 4	203043	Sumarbústaður	2006	85,3	4900	0,03	147
Djáknabrunir 5	203045	Sumarbústaður	2006	69,6	4879	0,03	146
Djáknabrunir 6	203044	Sumarbústaður	2007	84,6	5100	0,03	153
Djáknabrunir 7	203046	Sumarbústaður	2007	97,2	4846	0,03	145
Mosabrunir 1	203024	Sumarbústaður	2006	130	5000	0,03	150
		Gestahús	2007	34,4			

STAÐFANG	LANDNR	NOTKUN	BYGGINGARÁR	BYGGINGAR- MAGN HMS	LÓÐARSTÆRÐ SKV. DEILISKIPULAGI M ²	NÝTINGAR- HLUTFALL	LEYFILEGT HEILDAR- BYGGINGARMAGN Í M ²
Mosabrunir 2	203025	Sumarbústaður	2006	97,2	4990	0,03	150
Mosabrunir 3	203027	Sumarbústaður	2006	130	4994	0,03	149
Mosabrunir 4	203030	Sumarbústaðaland	Óbyggt	-	3872	0,03	116
Mosabrunir 5	203032	Sumarbústaður	2008	130	5096	0,03	152
		Gestahús	2008	30,3			
Mosabrunir 6	203033	Sumarbústaður	2006	97,2	4990	0,03	150
Mosabrunir 7	203034	Sumarbústaður	2009	130	5004	0,03	150
		Gestahús	2009	30,3			
Mosabrunir 9	203035	Sumarbústaður	2014	130	5000	0,03	150
Mosabrunir 11	203037	Sumarbústaður	2006	124	7503	0,03	225